



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 1. desember 2021
SFS2020070037
221. fundur
HG/et

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi stöðu ráðningarmála

Á fundi borgarráðs 2. júlí 2020 lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Það er áhyggjuefni að enn eitt árið virðist stefna í manneklu í leikskólum borgarinnar þar sem um miðjan júní átti eftir að ráða í fleiri stöður þar en á sama tíma og í fyrra eða í 115,2 stöðugildi. Betur hefur þó gengið að ráða í kennarastöður í grunnskólunum en í fyrra en þrátt fyrir það er enn óráðið í 67 stöðugildi þar. Við þessari stöðu þarf að bregðast strax til að tryggja að skólarnir verði fullmannaðir þegar skólar hefjast í ágúst. Óskað er því eftir að uppfærð staða ráðningarmála í leikskólum, grunnskólum og á frístundaheimilum verði lögð fram á næsta fundi borgarráðs 23. júlí nk.

Svar:

Á fundi skóla- og frístundaráðs 25. ágúst 2020 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 25. ágúst 2020, um stöðu ráðninga í skóla- og frístundastarfi 20. ágúst 2020. Upplýsingar um stöðu ráðninga í skóla- og frístundastarfi hafa reglulega verið lagðar fram á fundum skóla- og frístundaráðs.

Erfitt er að taka saman upplýsingar um stöðu ráðninga í júlí á þeim tíma sem flestir stjórnendur leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila eru í sumarleyfi.